

L Ö G

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „21 árs“ í 2. mgr. 4. gr. komi: 20 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á læknaSKIPUNARLÖGUM, nr. 43 12. maí 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

LæknaMIÐSTÖÐ er stofnun, er veitir heilbrigðisþjónustu á tilteknu landssvæði, einu eða fleiri læknishéruðum samkv. 1. gr. laga þessara eða hluta þeirra, og við starfa eigi færri en tveir læknar, þar af minnst einn héraðslæknir.

Ráðherra er heimilt að stofna miðstöðvar samkvæmt tillögu landlæknis og eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Áður en ákveðið er að stofna læknaMIÐSTÖÐ, skal leita álits hlutaðeigandi sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, stjórnar Læknafélags Íslands, svo og hlutaðeigandi héraðslækna, ef héruð þau, sem stöðin á að þjóna, eitt eða fleiri, eru skipuð héraðslæknum. Nú hefur læknaMIÐSTÖÐ verið stofnuð, og er þá heimilt að stækka það svæði, sem hún þjónar, að fengnum tillögum ofangreindra aðila og með þeim fyrirvara að öðru leyti, sem þessi málsg. kveður á um.

Þegar liðin eru 5 ár frá því, að læknaMIÐSTÖÐ samkv. fyrstu málsg. tók til starfa, verður svæði það, sem stöðin þjónar, eitt læknishérað, ef um fleiri en eitt hérað er að ræða, og ákveður ráðherra nafn hins nýja héraðs. Ákvæði þessarar málsg. gildir einnig, þegar svæði læknaMIÐSTÖÐVAR er stækkað.

Læknameiðstöð skal að jafnaði vera aðsetursstaður lækna þeirra, er gegna störfum við stöðina. Til læknameiðstöðvar teljast íbúðir héraðslækna og húsakynni fyrir starfsemi þá, sem fram fer í stöðinni. Ráðherra ákveður að tillögu landlæknis og að fenginni umsögn Læknafélags Íslands, hve margir héraðslæknar og/eða aðrir læknar skuli starfa við læknameiðstöð. Um skipun héraðslækna fer samkv. 5. gr., en stjórn læknameiðstöðvar ræður aðra lækna að stöðinni.

Kostnaður við byggingu starfshúsnæðis fyrir læknameiðstöð og íbúðir héraðslækna, sem starfa við stöðina, greiðist samkvæmt ákvæðum sjúkrahúsálaga. Þó skal kostnaður, sem leiðir af stofnun læknameiðstöðvar, sem tekur yfir tvö eða fleiri læknishéruð samkv. 1. gr., greiddur að fullu úr ríkissjóði. Nú óska hlutaðeigandi sveitarfélög eftir því, að fleiri læknar en ráðherra hefur ákveðið, sbr. 5. mgr., starfi við læknameiðstöð, og bera þá sveitarfélög ein kostnað af aukningu á húsakynnum, sem af slíkri læknaþjónun leiðir.

Nú er ekki til héraðslæknisbústaður í læknishéraði, þar sem læknameiðstöð, sem tekur yfir tvö eða fleiri héruð, er sett á stofn, og fer þá um kostnað við byggingu einnar héraðslæknisíbúðar samkvæmt almennum ákvæðum sjúkrahúsálaga. Byggingar og búnaður, sem er í eigu einstakra læknishéraða, þar sem læknameiðstöð er sett á stofn, skal ganga til stöðvarinnar.

Rekstrar- og viðhaldskostnaður læknameiðstöðvar, annar en laun héraðslækna, greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum í hlutfalli við íbúafjölda, hafi þau ekki samið um greiðslu kostnaðar eftir öðrum reglum.

Nú fer fram í læknameiðstöð starfsemi, sem sérstök lög gilda um, og fer þá um stofnkostnað og rekstrarkostnað við þá starfsemi samkv. þeim lögum.

Í stjórn læknameiðstöðvar skulu eiga sæti þrír menn, einn héraðslæknir, skipaður af ráðherra, og tveir menn kosnir af oddvitum allra hlutaðeigandi sveitarfélaga til 4 ára í senn eða sveitarstjórn, ef læknameiðstöð nær aðeins yfir eitt læknishérað. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Nú er talið óhjákvæmilegt, að haldið sé uppi föstum viðtalstíma læknis utan læknameiðstöðvar, og skal þá landlæknir, að fengnu álit hlutaðeigandi héraðslækna, gera tillögur til ráðherra um tíðni slíkra viðtalstíma á hverjum stað, en ríkissjóður greiðir ferðakostnað læknis samkv. taxa, er ráðherra setur. Að öðru leyti fer um stofnkostnað og rekstrarkostnað vegna slíkrar þjónustu eins og um læknameiðstöð væri að ræða.

Nánari ákvæði um tilhögun og starfsemi læknameiðstöðva skal setja í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.